

Samantekt um samning íslenska ríkisins og Mílu ehf.

Samningurinn er milli íslenska ríkisins og Mílu ehf. um tiltekna kvöð vegna þjóðhagslega mikilvægra fjarskiptaneta Mílu. Með samningnum vilja vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Míla staðfesta gagnkvæman vilja til að starfa saman að því að tryggja á hverjum tíma öryggi og trúverðugleika reksturs þjóðhagslega mikilvægra fjarskiptaneta hér á landi.

Í inngangi kemur fram að stjórnvöld vinna að endurmati á áætlunum og viðbrögðum við mögulegri ógn við öryggi, viðnámsþrótti og áreiðanleika fjarskiptakerfa sem skipta sköpum fyrir efnahagslega og samfélagslega starfsemi hér á landi og gildandi lagaumgjörð. Míla er stærsti eigandi grunnvirkja fyrir fjarskiptaþjónustu hér á landi og ræður félagið yfir þjóðhagslega mikilvægum innviðum fyrir öryggi og áreiðanleika fjarskipta hér á landi. Aðilar eru sammála um;

- mikilvægi þess að tryggja öryggi og trúverðugleika reksturs á þjóðhagslega mikilvægum fjarskiptanetum Mílu án tillits til eignarhalds á hverjum tíma. Einnig að fullt gagnsæi ríki um eignarhald þeirra á hverjum tíma,
- að mikilvægt sé að tryggja aðgengileika og samfellda virkni þjóðhagslega mikilvægra fjarskiptaneta Mílu á Íslandi með því að skilgreindur búnaður verði í íslenskri lögsögu og lúti íslenskum lögum og reglum. Einnig að við þróun, uppbyggingu og rekstur fjarskiptaneta Mílu sé mikilvægt að grípa til ráðstafana til að bregðast við áhættuþáttum er varða brýna almanna- og öryggishagsmuni samfélagsins og
- að tekið verði tillit til samkeppnisstöðu Mílu og ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í því að leggja á félagið kvaðir, að því er varðar þjóðhagslega mikilvæg fjarskiptanet, sem skert geta samkeppnishæfi þess.

Samningsaðilar hafa því komið sér saman um ráðstafanir og kvaðir sem er ætlað að tryggja öryggi og áreiðanleika rekstrar innviða Mílu og koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur, atvinnulíf og stjórnvöld verði fyrir tjóni, komi til röskunar á rekstri þeirra.

Með þjóðhagslega mikilvægum fjarskiptanetum er átt við tiltekna hluta innlendra fjarskiptaneta Mílu, sem teljast mikilvægir með tilliti til almannahagsmuna og þjóðaröryggis, sem og sá tækja- og hugbúnaður sem nauðsynlegur er til reksturs og virkni viðkomandi fjarskiptaneta.

Það er mat stjórnvalda að mikilvægt sé, til þess tryggja aðgengileika og samfellda virkni þessara fjarskiptaneta, að búnaður og rekstur þeirra sé á hverjum tíma í íslenskri lögsögu og lúti íslenskum lögum.

Með vísan til þess mats stjórnvalda undirgengst Míla þá kvöð að félaginu sé skylt að halda tilteknum þjóðhagslega mikilvægum fjarskiptanetum, ásamt þeim búnaði og kerfum sem nauðsynleg eru fyrir virkni eða kerfisstjórn þeirra, að öllu leyti í íslenskri lögsögu og undir íslenskum lögum. Rekstur slíks búnaðar og kerfa skal einnig fara fram í íslenskri lögsögu, þ.m.t. umsjón og eftirlit með virkni og ástandi fjarskiptanetanna.

Kvöðin tekur ekki til búnaðar og kerfa sem nauðsynlegt er að staðsetja erlendis vegna fjarskipta við útlönd. Þá kemur kvöðin ekki í veg fyrir að Míla geti útviðað þjónustu til aðila utan íslenskrar lögsögu, svo sem með notkun á skýjaþjónustu, vegna kerfa sem ekki eru nauðsynleg fyrir virkni fjarskipta á Íslandi. Þá skal kvöðin ekki takmarka umsjón, daglega þjónustu eða gæðaeftirlit samkvæmt þjónustusamningum framleiðenda viðkomandi búnaðar.

Sá búnaður sem nauðsynlegur er fyrir virkni og kerfisstjórn umræddra fjarskiptaneta Mílu er frá framleiðendum í ríkjum sem Ísland á í öryggissamstarfi við, ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Sviss. Míla undirgengst þá kvöð að nota aðeins virkan búnað í þessum fjarskiptanetum frá núverandi birgjum eða framleiðendum í framangreindum ríkjum.

Skyldur Mílu er varða staðsetningu tiltekinna þjóðhagslega mikilvægra fjarskiptaneta eða öryggishagsmuni vegna uppbyggingar fjarskiptanets, varða almanna- og þjóðaröryggi að mati stjórnvalda og eru mikilvægir hlutar í viðbragðsáætlun stjórnvalda sem miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka mögulegt tjón verði fjarskiptanet fyrir utanaðkomandi árás eða annars konar atviki sem kann að raska eða trufla fjarskipti eða fjarskiptaleynd hér á landi.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að gagnsæi ríki um eignarhald og áhrif þriðja aðila á tilgreindum þjóðhagslega mikilvægum fjarskiptanetum. Til að tryggja það skuldbindur Míla sig til að veita ráðherra þær upplýsingar, sem nánar eru tilgreindar og varða eignarhald og stjórnskipulag þeirra sem geta haft bein eða óbein áhrif á rekstur umræddra fjarskiptaneta. Míla skal veita ráðherra upplýsingar um eignarhald á þjóðhagslega mikilvægum fjarskiptanetum Mílu, sem og fyrirhugaðar breytingar á eignarhaldi, upplýsingar um stjórn og stjórnendur félagsins á hverjum tíma o.s.frv. Míla skal upplýsa ráðherra jafnskjótt og tilefni er til um hvers kyns áform um uppbyggingu eða breytingar á fjarskiptanetum sem kunna að varða áfallapol samfélagsins á sviði fjarskipta eða aðra almanna- og þjóðaröryggishagsmuni.

Ráðherra hefur heimild til að framkvæma eftirlit og úttekt á öllum þeim búnaði og kerfum Mílu sem samningurinn tekur til, svo og rekstri þeirra og heimilt er að fela öðrum stjórnvöldum og/eða þriðju aðilum að framkvæma úttektina fyrir sína hönd.

Samningurinn gildir frá undirritun til 30. október 2023 og munu aðilar á gildistíma samningsins vinna áfram saman að markmiðum hans og endurskoða hann eftir þörfum.

Er það markmið stjórnvalda að við endurskoðun á lagaumgjörð um öryggi fjarskiptakerfa verði þau efnisatriði sem fjallað er um í samningnum bundin í lög.

Komi til þess að kvöð um grunnskyldu Mílu verði lögfest, fellur samningsbundin kvöð um sama efni niður, en aðrar kvaðir og skuldbindingar haldast óbreyttar. Komi til þess að allar grunnskyldur Mílu samkvæmt samningnum verði lögfestar fellur hann úr gildi.

Ekkert í samningnum takmark almennar eða lögbundnar valdheimildir stjórnvalda varðandi þá starfsemi, þau fjarskiptanet eða annan þann búnað, sem samningurinn tekur til.

Samningurinn var undirritaður í Reykjavík 13. desember 2021 af Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og stjórn Mílu ehf.